

Norræn vefjarlist

Textíltríennalinn hefur staðið af sér öll él í 11 ár

■ Um þessar mundir stendur yfir merkileg sýning á Kjarvalsstöðum í Reykjavík. Hér er um að ræða fjórðu Norrænu vefjarlistarsýninguna en það er farandsýning eins og hinar fyrri og verður henni komið upp á öllum Norðurlöndunum á þessu ári og því næsta. Sýningin kemur hingað frá Noregi, þar sem hún hóf göngu sína í júní síðastliðnum. Þegar henni lýkur að Kjarvalsstöðum mun hún fara til Færeyja og þaðan til Danmerkur, Finnlands og að lokum verður hún sett upp í Norrbotten í Svíþjóð snemmsumars á næsta ári.

Þessi fallega en hljóðlátá sýning er gott dæmi um samnorrænt átak og sönnun þess að þær þjóðir, sem að baki henni standa, eiga samleið á vegferð þjóðanna.

Á sýningunni gefur að líta um 80 verk og mun sýningarnefndin hafa staðið í ströngu því alls búrúst á sjötta hundrað verk víðs vegar að frá Norðurlöndunum sem síðan var valið úr. Við val myndverkanna var lögð áhersla á það að sýningin gæfi sem besta mynd af öllu því sem væri á döfnni í norrænni vefjarlist í dag.

Í vandaðri sýningarskrá, sem þó ber þess merki að hafa ekki verið prentuð á Íslandi segir Hildur Hákonardóttir meðal annars: „Ósk okkar um að vernda og efla textíllist má aldrei verða til þess að einangra hana. Á þessu ári höfum við stigið markvisst skref til að opna þennan vettvang verkum sem hafa yfir sér meiri tilraunablæ og eru verr hamin á vegg og hafa því ekki fallið að formi farandsýningarinnar. Sérhvert það land sem sýningin gistir mun fyrir sitt leyti kanna hvað er á döfnni í þessum efnunum og hefur því tækifæri á því að koma á framfæri er Tríennalinn stendur yfir. Með þessum hætti vonumst við til að fylgjast stöðugt með

breyttum tímum jafnframt því að standa vörð um fyrri hefðir og vera sönn loftvog þess sem efst er á baugi innan textíllista.“

Áð sýningunni standa fjölmargir listamenn frá öllum Norðurlöndunum. Fyrir Íslands hönd sýna þær Guðrún Gunnarsdóttir, Guðrún Marinósdóttir, Hólfríður Árnadóttir og Sigurlaug Jóhannesdóttir. Allar eiga þær að baki langt starf þar sem myndvefnaður hefur verið í fyrir-rúmi. Auk þessara kvenna hefur Þórdís Sigurðardóttir frá Sámsstöðum verið boðið að sýna eitt verk sem sérstakur gestur sýningarinnar. Það kallar Þórdís „Appelsínugulan morgunn“ og er um að ræða umhverfisverk sem komið hefur verið upp sunnan undir húsinu.

Samnorræni Textíltríennalinn er styrktur af Norræna menningarmála-sjóðnum og mennta- og menningarmálaráðuneytum landanna. Sýningrstaðirnir sem sýninguna hýsa munu einnig fella niður leigu auk þess sem þeir í sumum tilvikum styrkja sýninguna á annan hátt.

Á flestum hinna Norðurlandanna á vefjarlist sér langa sögu. Eins og svo oft þegar að baki liggur árhundraða hefðir í handverki hefur vefnaðurinn verið á mörkum iðnaðar og lista.

Á Íslandi er þessu nokkuð öðru vísi farið því hefðin er ekki eins rík og meðal nágrannaþjóðanna. Þeir sem unnið hafa brautryðjendastarf í þessum efnunum her á landi hafa allir verið í tölu listamanna og má þar meðal annarra nefna Barböru Árnason, Júlíönu Sveinsdóttur, Vigdís Kristjánsdóttir og síðast en ekki síst Ásgerði Búadóttir.



Það er full ástæða til að hvetja listunendur til að skoða sýninguna að Kjarvalsstöðum að þessu sinni en henni lýkur 25. ágúst.

JÁP.



■ Appelsínugulur morgunn eftir Þórdísi Sigurðardóttur sem er sérstakur gestur sýningarinnar.





Ljós. Guðm. Pétursson



■ Guðrún Gunnarsdóttir. Straumar. Vefur. 210x286 cm (tveir hlutar)



■ Hólfríður Árnadóttir. Landslagstema. Pappír-textíl. 5 verk: 67x52 cm



■ Sigurlaug Jóhannesdóttir. In memoriam. Blönduð tækni. 50x205x10